



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um eftirlit með kostnaði vegna viðburða, skemmtana og ferða á vegum grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 16. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Borgarstjórn samþykkti breytingartillögu um að byrja að fylgjast með kostnaði vegna viðburða, skemmtana og ferða á vegum grunnskóla Reykjavíkur. Er vinnan hafin? Hvenær munu þessar upplýsingar liggja fyrir? Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar viti hver kostnaðurinn er skiptur eftir skólum.

Svar:

Á fundi borgarstjórnar, 18. desember 2018, var samþykkt svohljóðandi breytingartillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna við tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið láti kanna á næsta skólaári umfang þess kostnaðar sem börn og forráðamenn þeirra þurfa að greiða vegna skemmtana, viðburða og ferða á vegum grunnskóla borgarinnar. Óskað verði eftir upplýsingum um þátttöku barna og kostnað þeirra af slíkum viðburðum, sundurliðað eftir skólum og hverfum borgarinnar.

Á fundi borgarráðs, 17. september 2020, var lagt fram svar skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi könnun um umfang kostnaðar við skemmtanir og fleira á vegum grunnskóla borgarinnar. Svarið er hér meðfylgjandi.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. október 2021 var lagt fram svar skóla- og frístundasviðs, dags. 22. september 2021 við annarri fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um sama mál.

Í lok þess svars segir:

Því voru skólustjórar vinsamlega beðnir að halda yfirlit yfir þann kostnað sem börn og forráðamenn þeirra þurfa að standa straum af á skólaárinu 2021 – 2022. Niðurstöður og svör við fyrirspurninni munu því ekki liggja fyrir fyrr en í lok yfirstandandi skólaárs.

Vonir stóðu til að Covid heimsfaraldurinn væri hættur að hafa eins truflandi áhrif á skólastarf og árið áður en það varð ekki reyndin og mjög miklar fjarvistir voru vegna Covid á skólaárinu 2021-2022 og ekki mikið um að fjölmennir viðburðir væru skipulagðir. Þessara upplýsinga var því ekki aflað fyrir skólaárið 2021-2022 en verður gert fyrir skólaárið 2022-2023.



Við þetta má bæta að með nýju úthlutunarlíkani grunnskóla er nú úthlutað fjármagni til grunnskóla skv. svokölluðum LOI (Learning opportunity index) stuðli sem er fundinn út frá félagslegum breytum í skólaumhverfi hvers skóla. Fjármagnið er notað til að aðlaga skólastarf betur að félagslegum breytileika milli skóla þannig að skólar í viðkvæmu samfélagi geti betur mætt þörfum nemendahópsins fyrir aukin tækifæri til náms en í því felst meðal annars að sumir skólar, sem það kjósa, geti staðið straum af kostnaði vegna t.d. skemmtana, viðburða og ferða á vegum skóla.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um umfang kostnaðar við skemmtanir og fleira á vegum grunnskóla borgarinnar - R20080153

Á fundi borgarráðs 27. ágúst 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á borgarstjórnarfundum í lok árs 2018 var samþykkt að kanna umfang þess kostnaðar sem börn og forráðamenn þeirra þurfa að greiða vegna skemmtana, viðburða og ferða á vegum grunnskóla borgarinnar. Tillagan fól í sér að óskað yrði eftir upplýsingum um þátttöku barna og kostnað þeirra af slíkum viðburðum, sundurliðað eftir skólum og hverfum borgarinnar. Liggja þær upplýsingar fyrir? Ef svo er, þá er óskað eftir því að sjá þær.

Svar:

Til að svara upphaflegu fyrirspurninni frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins var eftirfarandi spurning send til skólastjóra allra almennra grunnskóla borgarinnar í júní 2019: **Hverjir hafa greitt fyrir þátttöku nemenda í skólaferðalögum, ferðum á söfn, leikhús ofl. á þessu skólaári?** Tekin voru saman svör frá 36 skólastjórum um hver greiddi fyrir ferðalög og aðra viðburði fyrir nemendur á vegum skólans skólaárið 2018- 2019.


Könnunin sem gerð var leiddi í ljós að skólarnir greiða að stærstum hluta kostnað vegna ferðalaga nemenda og þátttöku í ýmsum viðburðum á vegum skólans eins og gert er ráð fyrir skv. grunnskólalögum. Algengast er að foreldrar taki þátt í kostnaði vegna ferðalaga með gistingu en skv. úrskurði ráðuneytis er heimilt að innheimta gjöld frá foreldrum vegna gistingar og upphalds í slíkum ferðum. Einnig greiða foreldrar í einhverjum tilvikum fyrir þátttöku í árshátíð en að auki safna nemendur fyrir kostnaði og skólar leggja einnig til fjármagn vegna þessara viðburða.

Í svörum skólastjóra kom einnig fram að leitast er við að tryggja að allir nemendur sem áhuga hafa á að taka þátt í ferðum og viðburðum á vegum skólans, hafi tæk á því, án tillits til efnahags forelda. Einnig voru dæmi um að foreldrafélög veiti styrki vegna dagsferða og vorferða nemenda.

Í meðfylgjandi skjali er yfirlit yfir kostnaðarþátttöku foreldra og nemenda í ferðalögum og ýmsum viðburðum sundurliðað eftir hverfum og einstaka skólum eins og óskað var eftir. Ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang kostnaðar eða upphæðir heldur eingöngu vegna hvers

konar ferðalaga eða viðburða foreldrar og/eða nemendur taka þátt í kostnaði.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Yfirlit yfir kostnaðarþátttöku foreldra og nemenda í ferðalögum og viðburðum

Greiðslur vegna skólaferðalaga, árs hátíða og annarra viðburða á skólalárinu 2019 - 2020
 Vegna fyrirspurnar frá áheyrnarfulltrúa í Flokki fólksins í Borgarráði í maí 2019.

hig fyrir Skor/Könnun framkvæmd í júní 2019 meðal 36 skólastjórnaenda í Reykjavík
 hig niðurstöður endurunnar fyrir Skor/hverfaskipting í september 2020.

Hverjir hafa greitt fyrir þátttöku nemenda í skólaferðalögum, ferðum á söfn, leikhús ofl. á þessu skólaári?

Árbær-Grafarholt

Ferðalög án gistingar, ss. dagsferðir út fyrir borgina	Ferðalög með gistingu			Ferðir á söfn, leikhús og fleira slíkt			Aðrar ferðir á viðburði			Þátttaka í árs hátíð			Þátttaka í skólaslitum			Þátttaka á sumarahátíð			Þátttaka á íþróttahátíð			Þátttaka á ýmsa aðra viðburði			
	Skóli	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna
Árbæjarskóli	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0
Seláskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0
Sæmundarskóli	0	0	0	1	1	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðlingaskóli	0	1	0	0	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1
Dalskóli	0	1	0	0	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Ártúnsskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Ingunnarskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Alls í hverfi	0	6	0	4	6	7	0	6	0	0	6	0	4	4	2	1	6	0	1	4	0	0	6	0	0

Í Árbæ-Grafarholti standa 6 skólar alveg straum af kostnaði vegna ferðalaga án gistingar, ferða á söfn og sýningar og ýmsa viðburði, s.s. skólaslit, íþróttahátíð o.fl.

Í Árbæ-Grafarholti greiða foreldrar í 6 skólum fyrir ferðalög með gistingu og nemendur í öllum skólunum í hverfinu safna fyrir þessum ferðalögum.

Í Árbæ-Grafarholti taka foreldrar og nemendur þátt í kostnaði vegna árs hátíðar, skólaslita og sumarahátíð.

Breiðholt

Ferðalög án gistingar, ss. dagsferðir út fyrir borgina	Ferðalög með gistingu			Ferðir á söfn, leikhús og fleira slíkt			Aðrar ferðir á viðburði			Þátttaka í árs hátíð			Þátttaka í skólaslitum			Þátttaka á sumarahátíð			Þátttaka á íþróttahátíð			Þátttaka á ýmsa aðra viðburði			
	Skóli	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna
Seljaskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Ölduselsskóli	1	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	0
Fellaskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Breiðholtsskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0
Hólábrekkskóli	0	1	0	1	0	1	0	1	0	0	1	0	1	1	1	1	1	1	0	0	1	0	0	1	0
Alls í hverfi	1	5	0	5	4	5	0	5	0	0	5	0	5	5	1	2	5	0	3	5	0	0	4	0	1

Í Breiðholti standa 4 skólar alveg straum af kostnaði vegna ferðalaga án gistingar, allir skólarirnir greiða allan kostnað vegna ferða á söfn og leikhús og fyrir þátttöku í ýmsum öðrum viðburðum.

Í Breiðholti greiða foreldrar allra skóla hluta kostnaðar vegna ferðalaga með gistingu og nemendur í öllum skólunum í hverfinu safna fyrir þessum ferðalögum.

Í Breiðholti taka foreldrar og/eða nemendur þátt í kostnaði vegna ferðalaga án gistingar, árs hátíðar, skólaslita, sumarahátíð og ýmissa annarra viðburða.

Grafarvogur-Kjalarnes

Ferðalög án gistingar, ss. dagsferðir út fyrir borgina	Ferðalög með gistingu			Ferðir á söfn, leikhús og fleira slíkt			Aðrar ferðir á viðburði			Þátttaka í árs hátíð			Þátttaka í skólaslitum			Þátttaka á sumarahátíð			Þátttaka á íþróttahátíð			Þátttaka á ýmsa aðra viðburði			
	Skóli	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna
Rimaskóli	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hamraskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Kelduskóli	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Vættaskóli	0	1	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0
Klébergsskóli	0	1	0	0	0	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Földaskóli	0	1	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Húsaskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0
Alls í hverfi	1	6	0	5	3	3	0	7	0	1	7	0	4	1	0	2	6	0	3	5	0	0	5	0	0

Í Grafarvogur standa 6 skólar alveg straum af kostnaði vegna ferðalaga án gistingar, allir skólarirnir greiða allan kostnað vegna ferða á söfn og leikhús og á aðra viðburði. Fimm skólar greiða kostnað vegna íþróttahátíðar og 6 skólar greiða fyrir þátttöku í ýmsum öðrum viðburðum.

Í Grafarvogri greiðir einn skóli allan kostnað vegna ferðalaga með gistingu og í einum skóla safna nemendur alfarið fyrir þessum ferðalögum og í öðrum skóla greiða foreldrar alfarið fyrir þessar ferðir, í 2 skólum taka foreldrar og nemendur þátt í að greiða kostnað vegna ferðalaga með gistingu.

Í Grafarvogri greiða foreldrar eins skóla alfarið fyrir ferðalög án gistingar, í 4 skólum greiða foreldrar alfarið fyrir þátttöku í árs hátíð, í 2 skólum greiða foreldrar ásamt skóla fyrir þátttöku í skólaslitum og sumarahátíð en í einum skóla greiða foreldrar alfarið fyrir þátttöku í sumarahátíð.

Laugardalur-Háaleiti

Ferðalög án gistingar, ss. dagsferðir út fyrir borgina	Ferðalög með gistingu			Ferðir á söfn, leikhús og fleira slíkt			Aðrar ferðir á viðburði			Þátttaka í árs hátíð			Þátttaka í skólaslitum			Þátttaka á sumarahátíð			Þátttaka á íþróttahátíð			Þátttaka á ýmsa aðra viðburði			
	Skóli	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna
Breiðagerðisskóli	0	1	0	1	0	1	0	0	1	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1
Háaleitisskóli	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	1
Laugarnesskóli	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1
Langholtsskóli	0	1	1	1	1	1	0	1	1	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0
Réttarholtsskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	1	0	1	1	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0
Fossvogsskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Laugalækjarskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0
Vogaskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0
Alls í hverfi	0	8	1	6	6	7	1	8	0	1	8	0	5	6	2	0	8	0	1	5	0	0	8	0	1

Í Laugardal-Háaleiti greiða allir skólar fyrir þátttöku í skólaslitum og íþróttahátíð.

Í Laugardal-Háaleiti stendur einn skóli straum af kostnaði vegna ferðalaga með gistingu, í fimm skólum taka foreldrar og nemendur þátt í kostnaði vegna ferðalaga með gistingu, í einum skóla greiða foreldrar og nemendur safna fyrir þessum ferðalögum og í einum skóla safna bara nemendur fyrir þessum ferðalögum.

Í Laugardal-Háaleiti greiða 7 skólar allan kostnað vegna ferðalaga án gistingar en í einum skóla safna nemendur líka fyrir slíkum ferðalögum. Í einum skóla greiða foreldrar ásamt skóla fyrir aðrar ferðir á viðburði og þátttöku í sumarahátíð. Einnig taka foreldrar og nemendur þátt í að greiða fyrir ýmsa aðra viðburði.

Miðborg-Hlíðar/Vesturbær

Ferðalög án gistingar, ss. dagsferðir út fyrir borgina				Ferðalög með gistingu			Ferðir á söfn, leikhús og fleira			Aðrar ferðir á viðburði			Þátttaka í árs hátíð			Þátttaka í skólaslitum			Þátttaka á sumarhátíð			Þátttaka á íþróttahátíð			Þátttaka á ýmsa aðra viðburði			
Skóli	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	Foreldrar	Skólinn	Nem.safna	
Hagaskóli	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	1	1	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0
Háteigsskóli	1	1	0	1	0	1	0	1	0	0	1	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	
Brúarskóli	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	
Grandaskóli	0	1	0	1	1	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Vesturbæjarskóli	0	1	0	0	1	1	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Klettaskóli	0	1	1	0	1	1	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0	
Austurbæjarskóli	1	0	0	0	0	1	0	1	0	0	1	0	1	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	
Hlíðaskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	1	1	0	1	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	
Melaskóli	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	0	1	0	
Alls í hverfi	2	7	1	4	5	6	0	9	1	1	8	0	4	4	0	0	8	0	0	4	0	0	6	0	0	7	0	

Í Miðborg- Hlíðum stendur enginn skóli alfarið straum af kostnaði vegna þátttöku í ferðalögum og viðburðum. Ath. í þessu hverfi er 1 unglingskóli, 2 yngsta- og miðstíggsskólar og 2 sérskólar.

Í Brúarskóla safna nemendur aldrei fyrir ferðalögum en þeir fara ekki í ferðalög með gistingu eða án gistingar. En nemendur Brúarskóla safna fyrir hluta kostnaðar vegna ferða á söfn, leikhús ofl. Hagskóli fer ekki í ferðir á eigin vegum heldur sjá foreldrar alfarið um ferðir, s.s. útskriftarferð m/gistingu.

Í Miðborg- Hlíðum greiða 2 skólar fyrir ferðalög með gistingu ásamt foreldrum og nemendum safna. Einn skóli fer í ferðalög með gistingu sem nemendur safna fyrir sjálfir og í einum skóla safna nemendur og foreldrar greiða fyrir ferðalög með gistingu.

Í Miðborg- Hlíðum greiða foreldrar fyrir þátttöku í árs hátíð í 4 skólum og 3 skólar til viðbótar taka þátt í kostnaði vegna þessa.

Í Miðborg- Hlíðum greiða 8 skólar alfarið fyrir þátttöku í skólaslitum, 4 fyrir þátttöku í sumarhátíð, 6 fyrir þátttöku í íþróttahátíð og 7 fyrir þátttöku í ýmsum öðrum viðburðum á vegum skólans.